

Deloitte.

Nýsköpun, nýfjárfesting og
gjaldyrishöft
Skattadagur 2015

Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviðs Deloitte
Reykjanesbær, 14. janúar 2015



1. Stuðningsumhverfi nýsköpunar

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki voru framlengd til lok árs 2019

Síðastliðin fjögur ár hafa fyrirtæki geta sótt um ívilnanir vegna rannsókna og þróunar. Á þeim tíma hefur fjöldi umsókna til Rannís og fjöldi fyrirtækja sem fengið hafa skattafrádrátt fjölgað. Umfang frádráttar hefur einnig aukist ár hvert.


1.025 Umsóknir vegna rannsóknar- og þróunar bárust Rannís árin 2011-2014

3,86 Milljörðum króna var úthlutað í formi skattafrádráttar á tímabilinu





89% Af heildarfjárhæð skattafrádráttar hefur verið í formi endurgreiðslna

92 Fyrirtæki að meðaltali fengu skattafrádrátt hvert ár um sig

4/5 Hlutar fyrirtækja sem sóttu um hjá Rannís voru í 4 atvinnugreinum



Landsbyggðin virðist bera skarðan hlut frá borði þegar kemur að ívilnunum vegna nýsköpunar



Stuðningurinn er í formi skattafrádráttar og þá endurgreiðslu ef ekki er hagnaður

Hámark á samanlögðum opinberum stuðningi fyrir hvert verkefni

Rannsóknarverkefni

Fyrirtæki	Án samstarfs	Með samstarfi*
Lítill	70%	80%
Meðalstór	60%	75%
Stór	50%	65%

Þróunarverkefni

Fyrirtæki	Án samstarfs	Með samstarfi*
Lítill	45%	60%
Meðalstór	35%	50%
Stór	25%	40%

Skattafrádráttur getur numið allt að **20%** af útlögðum kostnaði

Frádráttur er greiddur út sé hann **hærri** en álagður tekjuskattur

Hægt er að nýta sér ívilnanir til lok árs **2019**

Sækja þarf um staðfestingu Rannís fyrir **1. október**

Hámarksfrádráttur á rekstrarári fyrir hvert fyrirtæki er **20-30 mkr.**

Lágmarksfjárhæð sem þarf að verja árlega til R&D er **1 mkr.**

Fyrirtæki í fjárhagsvanda eða sem ríkissjóður á útistandandi endurgreiðslukröfu vegna ólögmetrar ríkisaðstoðar geta **ekki** notið ívilnana samkvæmt lögnum



Umfang ívilnana breytilegt eftir stærð fyrirtækja og tegund verkefna

Lítið fyrirtæki - rannsóknarverkefni án samstarfs

Hámarksstuðningur	70%
Hámarkskostnaður til útreiknings	100.000.000
Kostnaður við verkefni	10.000.000
Styrkur frá Tækniþ.sj.	4.000.000
Styrkur frá AVS	2.000.000
Hámarks skattafrádráttur	2.000.000
Lækkun frádráttar v/70%	-1.000.000
Veittur frádráttur	1.000.000
Opinber stuðningur	70%

Meðalstórt fyrirtæki - rannsóknarverkefni með samstarfi

Hámarksstuðningur	75%
Hámarkskostnaður til útreiknings	150.000.000
Kostnaður við verkefni	200.000.000
Styrkur frá Tækniþ.sj.	20.000.000
Styrkur frá AVS	2.000.000
Hámarks skattafrádráttur	40.000.000
Lækkun frádráttar v/150 mkr.	-10.000.000
Veittur frádráttur	30.000.000
Opinber stuðningur	26%



Sækja þarf um staðfestingu hjá Rannís á að verkefni teljist nýsköpunarverkefni

Skilyrði sem þarf að uppfylla skv. Rannís

- Er verkefni rannsóknar- eða þróunarverkefni?
- Er hugmynd að virðisaukandi þjónustu vöru/þjónustu vel skilgreind?
- Er viðskiptaáætlun vel skilgreind?
- Er áætlað að verja a.m.k. 1 mkr. til R/P á 12 mánaða tímabili?
- Hefur endurskoðandi, skoðunarmaður eða viðurkenndur bókari staðfest endanlegan kostnað með áritun sinni?
- Hafa starfsmenn þjálfun, menntun og reynslu á því sviði sem hugmyndin nær til?

Almennar upplýsingar

- Er um að ræða aðra opinbera styrki vegna verkefnisins?
- Hefur verið keypt rannsóknarvinna af öðrum aðilum?
- Er um að ræða samstarfsverkefni með öðrum umsækjendum?

Önnur atriði

- Hægt er að sækja um framlengingu um eitt ár á verkefni fyrra árs - lýsing verkefnis óbreytt en tilgreina þarf kostnað yfirstandandi árs og breytingar á mönnun/aðstöðu
- Kostnaði vegna rannsókna- og þróunarstarfs skal halda aðgreindum frá öðrum rekstri fyrirtækisins

01/

Umsækjandi skilar umsókn

þarf að skila fyrir 1. október ár hvert og uppfylla skilyrðin hér til hliðar, annars veittur 2ja vikna frestur til að skila frekari gögnum

02/

Rannís afgreiðir umsókn

Ef fullnægjandi þá er umsókn afgreidd innan 2ja mánaða og hefur fagnefnd sér til ráðgjafar um álitaefni, verklag og skilgreiningar á verkefnum

03/

RSK annast framkvæmdina

Rannís tilkynnir RSK um veittar staðfestingar sem tekur endanlega afstöðu til fjárhagslegra upplýsinga

Hin hliðin á stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki eru beinir styrkir frá ýmsum sjóðum

Tækniþróunarsjóður Rannís

- Frumherjastyrkir, 2ja ára að hámarki 7 mkr. hvort ár (25% mótframlag)
- Verkefnastyrkir, allt að 3 ár að hámarki 15 mkr. á ári (50% mótframlag)
- Markaðsstyrkir, til eins árs að hámarki 10 mkr. (50% mótframlag)

Rannsóknarsjóður Rannís

- Öndvegissstyrkir, frá 35-105 mkr.
- Verkefnastyrkir, frá 10-30 mkr.
- Rannsóknarstöðustyrkir, frá 7-21 mkr.

AVS Byggðastofnun

- Vöruþróun og nýsköpun, allt að 8 mkr. hámark 50% af kostnaði
- Innflutningur þekkingar, allt að 8 mkr. hámark 50% af kostnaði
- Ráðning nema, allt að 6 mkr. hámark 50% af kostnaði

Innviðasjóður Rannís

- Veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum, hugbúnaði og öðrum búnaði
- Framlag misjafnt, en miðað við minnst 2 mkr. En ekki meira en 75% af kostnaði án VSK

Nýsköpunarsjóður námsmanna Rannís

- Veitir styrki til að gefa t.d. fyrirtækjum tækifæri á að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu
- Námsmaður fær greidda mánaðarlega styrki

Aðrir sjóðir og styrkir

- Orkusjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Atvinnumál kvenna, Verkefnasjóður sjávarútvegs
- Erlendir sjóðir, s.s. Horizon 2020 hjá Rannís og Nora og Norðurslóðaáætlunin 2014-2020 hjá Byggðastofnunar




2. Ívilnanir vegna nýfjárfestingar

Áframhaldandi ívilnanir vegna nýfjárfestinga hérlendis líklega samþykktar á næstunni


Ívilnanir snúa eingöngu að byggðaaðstoð

- Frumvarpið byggir í grunninn á lögum nr. 99/2010 sem féllu úr gildi í lok árs 2013 en á grunni þeirra voru sex fjárfestingarsamningar undirritaðir
- Hlutfall ríkisaðstoðar af þessu tagi var 0,25% af VLF árið 2012 og hafði hækkað úr 0,12% árið 2007 sbr. við hækkun úr 0,42% í 0,69% í Noregi á sama tíma
- Árið 2013 tók ESA kerfið upp til rannsóknar og er henni ekki lokið en nýja frumvarpið en ESA komst þó að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoð til Becromal, Verne, Kísilfélagsins, Thorsil og GMR Endurvinnslu hafi verið ólögætir
- Markmið frumvarpsins er að örva fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi en frumvarpið snýr eingöngu að byggðaaðstoð í samræmi við byggðakort ESA
- Samkvæmt byggðarkortinu er Íslandi heimilt að veita ríkisstyrki vegna fjárfestingaverkefna í landsbyggðarkjördæmunum þremur, þ.e. Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmi
- Fjárfestingarsamningar taka ekki gildi fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt ríkisaðstoðarkerfið sem frumvarpið felur í sér








Aðeins grænu svæðin geta notið byggðaaðstoðar skv. frumvarpinu

Veiting ívilnana er háð ýmsum skilyrðum og umfang þeirra er takmarkað



Umfang íválnana í eldra kerfi var að auki takmarkaðra en í samkeppnislöndum

	<u>Fjárfestingastyrkir</u>	<u>Ráðningastyrkir</u>	<u>Aðrir styrkir</u>	<u>Skattaívilnanir</u>
 Ísland	✗ Nei	✗ Nei	~ Já, þjálfunarstyrkir en heimild ekki virkjuð með fjárlagaheimild. Heimild til að leigja lóðir undir markaðsverði.	✓ 18% tekjuskattur á gildistíma samnings og hagstæðari afskriftarreglur. Skattaendurgreiðsla vegna R&P, 20% af fyrstu 100-150m.kr.
 Svíþjóð	✓ Frá 10-35% af fjárfestingu	~ Undir ákveðnum skilyrðum fæst styrkur frá 40-66þ. sænskar krónur á hvert starf í 3 ár	✓ Þjálfunarstyrkir, 30-40% af kostnaði við þjálfun	✗ Nei
 Finnland	✓ Allt að 35% af fjárfestingu	✓ Allt að 45% af launakostnaði	✓ Hagstæðari fjármögnun og flutningsstyrkir	✓ Skattafrádráttur vegna R&P kostnaðar sem nemur 100% af launakostnaði upp að 400þ. evrum Hagstæðari afskriftarreglur
 Írland	✓ Já, byggt á stöðu svæða og gæði starfa sem fjárfestingin skapar	✓ Allt 15þ. evrum á starfsmann, að hámarki 150þ. evrum	✓ Þjálfunarstyrkir. Auk þess vaxtaniðurgreiðslur og/eða lánaábyrgðir.	✓ Skattafrádráttur vegna R&P kostnaðar, 25% umfram tiltekna grunnfjárhæð. 0% tekjuskattur fyrstu 3 ár upp að 320þ. evru hagnaði
 Litháen	✓ 3,5m. evrum hámark vegna húsnæðis, tækja og tenginga við innviði	~ Undir ákveðnum skilyrðum fæst tekjuskatts-undanþága vegna ráðninga	✓ Þjálfunarstyrkir, allt að 2,6þ. evrum á starf og 2m. evru heildarhámark	✓ 0% tekjuskattur fyrstu 6 ár og 50% afsláttur næstu 10 árin, 300% skattafrádráttur vegna R&P kostnaðar og hagstæðari afskriftarreglur

Ívilnanaferlið er heilt yfir fjórþætt

01/

Umsækjandi skilar umsókn til Atvinnuvegaráðuneytisins

Umsókn skal skilað á sérstöku eyðublaði með fylgigögnum sem sýna fram á að skilyrði fyrir veitingu ívilnana séu uppfyllt og skal umsókn berast áður en fyrirhugað fjárfestingarverkefni hér á landi hefst

02/

Ívilnananefnd ráðherra metur umsóknir

Þriggja manna nefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögu til ráðherra um að hafna beiðni um ívilnun eða leggja fyrir umsækjanda boð um ívilnun, en nefndin getur falið óháðum aðila að meta verkefnið og arðsemi þess auk þess að vinna aðrar upplýsingar

03/

Árleg upplýsingagjöf umsækjanda til ráðuneytisins

Sá aðili sem nýtur ívilnunar skal senda ráðuneytinu árlega skýrslu um framvindu fjárfestingarverkefnis, hlut ívilnunar í framgangi þess, heildarfjárhæð veittrar ríkisaðstoðar á næstliðnu ári og tilgreiningu á annarri starfsemi aðila – sveitarfélög skulu gera hið sama

04/

Afturköllun og/eða endurgreiðsla ívilnunar

Fella ber niður ívilnun eða endurkrefja ef rangar upplýsingar voru vísitandi veittar eða upplýsingum er haldið leyndum og endurkrefja ber um ívilnun ef hún er nýtt í aðra starfsemi aðila en ívilnunin tók til, ef umfang ívilnunar fer yfir lögbundið hámark, ef verkefni verður ekki að veruleika það verður verulega frábrugðið því sem samningurinn tók til

3. Helstu hindranir gjalddeyrishafta

Viðamikil gjaldeyrishöft geta hamlað bæði nýsköpun og nýfjárfestingu

Almennt eru öll gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar óheimil

- Helstu viðskipti sem almennt eru óheimil:
 - Viðskipti með verðbréf, lán og ábyrgðir, innlegg og úttektir, framvirk viðskipti, viðskipti með valrétti, gjafir og styrkir, kaup á erlendum gjaldeyri
 - Engu skiptir þó gjaldeyris skipti ekki um hendur ef viðskiptin sem slík eru óheimil, gjafir og lán óheimil

Nema lögin hafi að geyma sérstakar undanþágur vegna einstakra viðskipta ...

- Helstu viðskipti sem eru undanþegin:
 - Vöru- og þjónustuviðskipti, almennt
 - Greiðslur vaxta, verðbóta, arðs og samningsbundnar afborganir en þó ekki allar slíkar greiðslur
 - Lántökur innlendra aðila hjá erlendum heimilum að ákv. skilyrðum uppfylltum
 - Lánveitingar milli félaga innan sömu samstæðu

... eða viðkomandi fyrirtæki njóti almennrar undanþágu frá ákvæðum laganna

- Skilyrði almennrar undanþágu:
 - Fyrirtæki er með a.m.k. 80% af tekjum og 80% af gjöldum erlendis
 - Senda þarf Seðlabankanum umsókn og sýna fram á þetta á 12 mánaða fresti

... eða viðkomandi fyrirtæki er með fjárfestingarsamning við ríkið

- Helstu atriði:
 - Á jafnframt við um fyrirtæki sem starfa skv. leyfi til olíuleitar
 - Sérstakar undanþágur gilda um fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga sem og fyrirtæki sem FME hefur tekið yfir

Ef ekkert framangreint á við þá þarf sérstaka undanþágu frá Seðlabankanum

- Helstu atriði:
 - Þarf að sýna fram á þörfina og afleiðingar haftanna fyrir umsækjanda
 - Ef viðkomandi á ekki gjaldeyri þarf sérstaklega að óska eftir undanþágu til að kaupa gjaldeyri til viðbótar við undanþágu til að flytja gjaldeyri úr landi
 - Tekur alla jafna 8 vikur að afgreiða

Þá er skilaskylda á öllum gjaldeyri

- Helstu atriði:
 - Innlendir aðilar þurfa að skila öllum gjaldeyri innan 3ja vikna og áður en greitt er fyrir aðföng erlendis
 - Undanþága er vegna endurfjárfestingar og erlendar leigutekjur sem má nýta til að mæta rekstrarkostnaði af fasteign

Þrjár meginleiðir til að koma erlendu fjármagni hingað til lands til fjárfestinga – bráðum tvær


Nýfjárfesting	<ul style="list-style-type: none">Fjárfesting gerð eftir 31.10.2009 fyrir nýtt innstreymi gjaldeyris sem <u>skipt er í ISK</u> hjá innlendu fjármálafyrirtæki – gildir ekki um allar fjárfestingar	<ul style="list-style-type: none">Tilkynna þarf, með aðstoð fjármálafyrirtækis, til Seðlabankans innan 2ja vikna frá því gjaldeyri var skipt – gögn þurfa að fylgja	<ul style="list-style-type: none">Við sölu fjárfestingar aðstoðar fjármálafyrirtæki við að útbúa útgreiðslubeiðni til Seðlabankans til staðfestingar – flutningur fjármagnsins út fellur þá ekki undir höftin
Útboð	<ul style="list-style-type: none">Í gegnum útboð Seðlabankans geta fjárfestar selt erlendan gjaldeyri fyrir ISK til lengri tíma fjárfestingar héraðs – 5 ár með tilheyrandi kvöðum	<ul style="list-style-type: none">Fjárfestingin getur m.a. verið í fasteignum eða rafrænt skráðum hlutabréfum og skuldabréfum – losun fjárfestingar ekki tryggð	<ul style="list-style-type: none">Fjárfestir þarf að gera samning við milligönguaðila sem annast umsókn og skilar inn 3 vikum fyrir auglýst útboð – síðasta útboð 21. janúar
Undanþágulistar	<ul style="list-style-type: none">Erlendum aðilum er heimilt að nýta innlendan gjaldeyri í þeirra eigu til að fjárfesta í fjármálagerningum á undanþágulistum Seðlabankans	<ul style="list-style-type: none">Ef greiðslan fer fram með innlendum gjaldeyri af reikningi í eigu kaupanda hjá innlendu fjármálafyrirtæki eða af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro)	<ul style="list-style-type: none">Fjármunir sem losna við endursölu á framangreindum fjármálagerningum skulu greiddir aftur í innlendum gjaldeyri inn á reikning í eigu seljanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi

Ferlið við að afla sérstakra undanþága frá Seðlabankanum getur verið torsótt

Í þeim tilvikum þegar tiltekin viðskipti er óheimil samkvæmt gjaldeyrislögum þá þarf að sækja um sérstaka undanþágu hjá Seðlabankanum. Algengt er að undanþágubeiðnir snúi að stofnun fyrirtækja erlendis en Seðlabankinn hefur sett víðtæk skilyrði í slíkum málum.

Skilyrði sem Seðlabankinn setur

- Allar sölutekjur erlenda félagsins færðar til þess íslenska, að frátöldum fjármunum sem hið erlenda þarf til rekstrarins
- Erlenda félagið sé hvorki nýtt til uppsöfnunar fjárhagslegra eigna né fjárfestinga sem ekki tengjast með beinum hætti rekstri þess
- Ársreikningur erlenda félagsins, staðfestur af löggiltum endurskoðanda, sé sendur Seðlabankanum í lok hvers árs
- Aðrar takmarkanir gilda, s.s. skilaskylda á gjaldeyri, ef félagið úti er selt eða arður greiddur þá er sá gjaldeyri ekki endurfjárfestanlegur og innlenda félagið má ekki greiða kostnað fyrir erlenda félagið



Nokkur dæmi um áhrif haftanna á starfsemi fyrirtækja og undanþáguferlið

1 Stofnun dótturfélags erlendis

2. Lánveiting milli félaga innan samstæðu

3. Greiðsla arðs frá innlendum aðila til erlends

Hvað segja lögin?

Óheimilt er að eiga í viðskiptum með verðbréf í erlendum gjaldeyri nema um sé að ræða endurfjárfestingu– þó þau séu gefin

Lánveitingar sem ekki tengjast milliríkja-viðskiptum með vöru og þjónustu almennt óheimilar – nema mjög smávægilegar

Fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru almennt heimilar

Þarf undanþágu?

Óska þarf sérstakrar undanþágu frá Seðlabanka Íslands þar sem rökstutt er af hverju stofna á félag erlendis og ef undanþága fæst fylgja henni skilyrði

Ekki þarf þó að óska sérstakrar undanþágu frá Seðlabanka Íslands þar sem gjaldeyrislögin heimila lánveitingar innan samstæðu – nema innlendi aðilinn eigi ekki gjaldeyri til að lána

Ekki þarf að óska undanþágu nema arðgreiðslan sé komin til vegna lækkunar á hlutfé eða slita á félagi/lok útibús, en slíkt telst ekki arður í skilningi undanþágunnar – ávallt þarf að tilkynna til Seðlabankans og fá staðfestingu fyrirfram ef arðgreiðsla fer framúr 1 mkr.



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee (“DTTL”), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as “Deloitte Global”) does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte’s more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

© 2014. For information, contact Deloitte Touche Tohmatsu Limited.